

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 262 — 220. mál.

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um samhengi milli sölu veiðiheimilda og verðbólgu.

Frá Bergljótu Halldórsdóttur.

1. Hefur sala á aflamarki og aflahlutdeild í sjávarútvegi leitt til aukins peningamagns í umferð síðustu fimm fiskveiðiár?
2. Ef svo er, má þá að einhverju leyti skýra núverandi þenslu og verðbólgu með því?

Skriflegt svar óskast.